

stóðhross fyrir úr öðru afrjettarfelagi, má eptir atvikum annaðhvort reka þau til afrjetta á kostnað sveitarsjóðs eða sveitasjóða upprekstrarfélagsins, eða þá taka þau í gæslu, og gjöra eigendum aðvart að útleysa þau.

4. gr.

Hreppsnefndin skal annast um, að stóðhross þau og sauðfje, sem renna kann af afrjettum á sumrum fram til sauðfjarrjetta í búfjárhaga sveitarbænda sje af þeim, er fyrir áganginum verða, smalað og rekið til afrjetta, og mega þeir kveðja til þess nágranna sína, ef þörf krefur, eptir áliti hreppsnefndaroddvita. Heimilt er hverri hreppsnefnd að veita hæfilega þóknun fyrir rekstra þessa af sveitarsjóði eða sveitarsjóðum upprekstrarfélagsins, ef henni virðist ástæða til þess.

5. gr.

Skyldir eru allir búendur eða búlausir, sem eiga eða undir höndum hafa 12 sauðkindur og þar yfir, að leggja til fjallgangna duglegan mann þangað, og á þann hátt, sem hreppsnefndin ákveður, annaðhvort hver út af fyrir sig eða í samlögum, eptir því sem ástæður afrjettarfélagsins útheimta. Svo skulu þeir og gjöra aukaverk þau, sem nauðsyn ber til, svo sem fjárdrátt í öðrum rjettum, heimalandsgöngur og störf við rjettina, að því leyti sem nefndin skipar þau ekki þeim, sem eru svo fjárfáir eða bágstaddir, að hún finni ástæðu til að hlífa þeim við heiðargöngum. Vanræki fjáreigendur hjer að lúandi fyrirskipanir nefndarinnar án óumflýjanlegra forfalla, ber hreppsnefndinni að kæra þá til skaðabóta og sekta eptir málavöxtum.

6. gr.

Þar sem 2. hreppar reka á sömu afrjetti eða fjall-lendi, ber hlutaðeigandi hreppsnefndum að koma sjer saman um, áður en 16 vikur eru af sumri, hvernig göngum skuli haga. Hve marga menn skal leggja til gangnanna úr hverjum hrepp fer eptir fjártölu hreppanna. Verði ágreiningur um þetta milli nefndanna, þá skal sýslunefndin skera úr því, eða oddviti hennar til bráðabirgða. (Framh.).

Útdráttur úr 3 brjefum ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um veitt einkarjettindi. — Með brjefum þessum tilkynnti ráðaneytið, að hans hátign konungurinn hefði hinn 5. f. m. allramildilegast veitt þeim stórkaupmanni Th. Amlie og ingeniör E. O. Johansen, báðum frá Christjaníu, einkaleyfi gegn venjulegu gjaldi, 34 kr. fyrir hvert leyfisbrjef, er greitt hefur verið í landssjóð, 1. til þess um 5 ára tímabil að nota og láta nota á Íslandi aðferð, er þeir hafa fundið til þess að sjóða hval og bræða lýsi, og 2. til þess um 5 ára tímabil að búa til og láta búa til á Íslandi vjel, er þeir hafa gjört til þess að þvo hvalskiði o. fl. og loks að járnsmíðsmeistara Niels Jörgensen frá Kaupmannahöfn hafi sama dag verið veitt viðbót við einkaleyfi er hann hafði fengið 25. marz þ. á. til þess um 5 ára tímabil að búa til og láta búa til hvervetna í Danaríki nema á Íslandi, Færeyjum og nýlendunum, veiðarfæri, er hann hefur fundið upp, og er viðbótin í því fólgin, að einkaleyfið nái einnig til Íslands.